

108

15. nóv.

BÚFJÁRTRYGGINGAR

Samkvæmt lögum nr. 28, 7. maí 1928, um búfjártryggingar, hefir ráðuneytið mælt svo fyrir, að frá 1. janúar 1931 og þangað til öðruvísi verður ákveðið, skuli ársiðgjöld, fyrir hverja búfjártegund, vera sá hundraðshluti af virðingarverði gripanna sem hér segir:

Fyrir kúr	1½	af hundraði	
— naut	½	—	—
— stóðhesta	¾	—	—
— hrúta	9	—	—

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. nóvember 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

109

17. nóv.

SAMÞYKKT

um

meðferð búpenings o. fl. í kaupúninu Höfn í Hornafirði í Austur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Allir sem alifugla (svo sem endur og hænsni) hafa í Hafnarkauptúni, eru skyldir til að hafa þá í öruggri girðingu eða annari vörzlu á tímabilinu 1. maí til 20. sept. ár hvert, svo að þeir ekki valdi tjóni á matjurta- eða blómgörðum, trjáreitum, túnnum eða öðru ræktuðu landi.

2. gr.

Sauðfé og geitfé má aldrei ganga gæzlulaust eða óhindrað í kaupúninu, og er eigendum þess óheimilt að hafa það á landi innan verzlunarlóðarinnar á tímabilinu 1. maí til 31. október ár hvert, nema í fullkomlega öruggri girðingu sé, enda bæti þeir að fullu allt tjón, sem það kann að valda á matjurta- og blómreitum, túnnum og trjáreitum, eða öðru landi sem það kemst á fyrir hirðuleysi eiganda.